



Kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg

## ÚTBOÐ nr. 15463

Útboðslýsing

**Kaupandi:**  
Reykjavíkurborg

**Umsjónaraðili útboðs:**  
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

**Mars 2022**

# Efnisyfirlit

<b>0. ÚTBOÐSSKILMÁLAR</b> .....	<b>3</b>
0.1 Almenn lýsing útboðs.....	3
0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar.....	3
0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs.....	3
0.1.3 Útboðsgögn.....	3
0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti.....	3
0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	4
0.4 Hæfi bjóðanda.....	4
0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda.....	4
0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu.....	4
0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu.....	4
0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði.....	5
0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs.....	6
0.6.1 Tilboð í hluta.....	6
0.6.2 Fyrirvarar.....	6
0.6.3 Frávikstilboð.....	6
0.6.4 Afturköllun tilboða.....	6
0.7 Opnun tilboða.....	7
0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs.....	7
0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna.....	7
0.10 Samþykki tilboðs og samningur.....	7
<b>1. SAMNINGSSKILMÁLAR</b> .....	<b>8</b>
1.1 Verðlagsgrundvöllur.....	8
1.2 Greiðslur.....	8
1.2.1 Rafrænir reikningar.....	8
1.2.2 UNSPSC vöruflokkun.....	9
1.3 Samskipti á samningstíma.....	9
1.4 Afhending og afhendingarskilmálar.....	9
1.5 Févíti.....	9
1.6 Óviðráðanleg ytri atvik.....	10
1.7 Ábyrgð og tryggingar.....	10
1.8 Misræmi í gögnum.....	10
1.9 Framsal réttinda.....	10
1.10 Skuldskeyting - undirverktaka.....	11
1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð.....	11
1.12 Persónuvernd.....	11
1.13 Ábyrg innkaup.....	11
1.14 Vanefndir og uppsögn.....	11
1.15 Lög og reglugerðir.....	12
1.16 Ábyrgð og þjónusta.....	12
1.17 Ágreiningsmál.....	13
1.18 Gildistími samnings.....	13
<b>2. TÆKNILEGAR LÝSINGAR OG KRÖFUR</b> .....	<b>13</b>
2.1 Yfirlit.....	13
2.2 Kröfur til bifreiða og þjónustu.....	14
2.2.1 Almennar kröfur.....	14
2.2.2 Lýsing sorpbifreiða.....	15

## 0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

### 0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Reykjavíkurborgar (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í metan sorphirðubifreiðar samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

#### 0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Já
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 20. apríl 2022 kl. 12:00.
- Svarfrestur kaupanda: 26. apríl 2022 kl 12:00.
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 3. maí 2022 kl. 10:00
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

#### 0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1111

Netfang Innkaupaskrifstofu: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

#### 0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15463.
- Tilboðsbók nr. 15463 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá, Yfirlýsingu bjóðanda, Yfirlýsingu um laun og réttindi, lágmarkskröfufalista 1, 2 og 3.
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á, í samræmi við kafla **0.2**.

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15463.

## 0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

### 0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði.

### 0.4 Hæfi bjóðanda

#### 0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

- Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.
- Þjónustuverkstæði skal hafa gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

#### 0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

- Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé.

#### 0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

- Framleiðandi boðinna bifreiða (undirvagn) skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu við framleiðslu á metanbifreiðum af sambærilegri stærð og þyngd.
- Framleiðandi skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af framleiðslu boðinna sorpgeyma, tunnulyftna og krana.
- Framleiðendur tunnulyfta (hefðbundin tunnulyfta og tunnulyftur fyrir tvískiptar tunnur) skulu hafa reynslu af slíkri framleiðslu og geta nefnt minnst 3 sveitarfélög sem í dag nota sambærilegar tunnulyftur í rekstri sorphirðu.
- Bjóðandi skal reka þjónustuverkstæði í Reykjavík eða höfuðborgarsvæðinu, sem mun sinna viðhaldi sorphirðubifreiða og alls búnaðar. Verkstæðið skal vera viðurkennt sem þjónustuverkstæði af framleiðanda alls búnaðar.

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá tilboðum bjóðenda sem hafa ekki staðið sig við framkvæmd fyrri og/eða yfirstandandi samninga við kaupanda/opinbera kaupendur. Við mat á því hvort framangreindri heimild verði beitt verður m.a. litið til upplýsinga og gagna kaupanda/opinberra kaupenda um erfið samskipti bjóðanda við kaupanda og/eða eftirlitsaðila á samningstíma, ítrekuð eða alvarlegt brot bjóðanda á ákvæðum samnings aðila við framkvæmd samnings, tafir o.fl.

Við mat kaupanda á hæfi og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er kaupanda heimilt að taka tillit til hæfi og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af tilteknu verkefni og leggja slíkt hæfi og reynslu að jöfnu við hæfi og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

## 0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

### A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.
- ✓ Bjóðandi skal skila inn afriti af starfsleyfi þjónustuverkstæðis.

### B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu, sbr. kafla 0.4.2

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðastgerður ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

### C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu, sbr. kafla 0.4.3

Bjóðandi skal skila með tilboði sínu gögnum um:

- ✓ þriggja ára reynslu framleiðanda boðinna bifreiða (undirvagn) af framleiðslu á metanbifreiðum af sambærilegri stærð og þyngd (fjöldi bifreiða)
- ✓ að framleiðendur sorpgeyma, tunnulyfta og krana sem boðnar verða hafi amk. þriggja ára reynslu af slíkri framleiðslu
- ✓ minnst 3 sveitarfélög sem í dag nota sambærilegar tunnulyftur (hefðbundnar tunnulyftur og tvískiptar tunnulyftur) og tengiliði hjá viðkomandi sveitarfélögum.
- ✓ að þjónustuverkstæði sé staðsett í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu og viðurkennt af framleiðanda alls búnaðar.

### D. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.11

- ✓ Útfyllt og undirrituð yfirlýsing um laun og réttindi (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

### E. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð yfirlýsing bjóðanda (sjá tilboðsbók í Excel skjali)



- ✓ Útfylltir lágmarkskröfulistar 1,2 og 3 (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Upplýsingar um boðna vöru/þjónustu (til dæmis bæklingar, myndir, tækniupplýsingar) sem sýna að lágmarkskröfur eru uppfylltar
- ✓ Lýsing á almennu fyrirkomulagi þjónustuskoðana, staðsetningu, tímalengd og hámarkstíma þangað til vinna hefst við bíl (sbr. 2.2.1)

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

## 0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar með virðisaukaskatti.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

### 0.6.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

### 0.6.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

### 0.6.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

### 0.6.4 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

## 0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út. Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Opnunarfundur fer fram í Borgartúni 12-14, sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni <https://reykjavik.is/opnun-tilboda>.

## 0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Viðmiðunarfjárhæðin er heildarverð m/vsk fyrir allar sorpbifreiðar ásamt heildarverði þjónustu skv. gr. 1.16.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

## 0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því. Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

## 0.10 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

## 1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „bjóðandi“.

### 1.1 Verðlagsgrundvöllur

Tilboð bjóðenda í vörur og þjónustu skulu vera í ISK og skulu þau innihalda virðisaukaskatt, aðflutningsgjöld og öll önnur gjöld hvaða nafni sem þau nefnast.

Einingaverð sorphirðubifreiða sem keyptar verða í kjölfar útboðs þessa mun taka breytingum til hækkunar eða lækkunar m.t.t. breytinga á miðgengi EUR, frá opunardegi tilboða til tollaafgreiðsludags bifreiða.

Grunnur EUR miðast við opunardag tilboða skv. skráðu miðgengi hjá Seðlabanka Íslands.

### 1.2 Greiðslur

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: [bokhald@reykjavik.is](mailto:bokhald@reykjavik.is).

#### 1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda. Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **570480-0149 (Reykjavíkurborg – Eignasjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: [kaupandi tilgreinir]
- Verknúmer og/eða verkþáttur: [kaupandi tilgreinir]
- Númer samnings/útboðsnúmer: 15463
- UNSPSC númer: 25101914
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: [rafraenir.reikningar@reykjavik.is](mailto:rafraenir.reikningar@reykjavik.is).

Bjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.



### 1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar.

Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línunum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

### 1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

### 1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Séu vörur skemmdar við afhendingu vegna flutninga, framleiðslugalla eða annarra ástæðna skal seljandi taka við skemmdu vörunum og afhenda heilar vörur eins fljótt og mögulegt er á sinn kostnað.

Seljandi ábyrgist að vörur séu samkvæmt forskrift útboðsgagna við afhendingu.

Fullbúnar bifreiðar ásamt búnaði og tilbúnar til notkunar, skulu afhendast á Þjónustumiðstöð Borgarlandsins að Stórhöfða 7-9, 110 Reykjavík og eigi síðar en 8 mánuðum eftir að samningur kemst á. Seljandi skal hafa greitt öll þau gjöld sem greiða þarf til að tækið sé tilbúið til notkunar. Tækin skulu hafa verið skráð, skoðuð af úttektaraðilum og vera tilbúin til notkunar frá móttöku af hálfu kaupanda.

Fulltrúar seljanda og kaupanda skulu skoða bifreiðar og yfirfara áður en til eiginlegrar móttöku kemur. Við afhendingu bifreiða skal söluaðili leiðbeina Umhverfis- og skipulagssviði um daglega umgengni við bifreiðarnar og búnað þeirra, viðhald og hvernig best er að haga rekstri þeirra.

### 1.5 Féviti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafðið seljanda um 90.000 kr fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févita vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févita náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févitis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af

heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítí sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna dráttá afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

Þjónustuaðili skal tryggja að rekstur sorpbifreiðar sé samfelldur og hnökralaus á ábyrgðartíma og við það skal miðað að tækin starfi án mikilla truflana, sbr. kafla 1.16. Gerð er krafa um að varan sé í notkun a.m.k. 95% starfsdaga sorphirðu Reykjavíkurborgar hvert ár. Starfsdagar sorphirðu Reykjavíkurborgar eru að meðaltali 254 dagar á ári. Verði vanefndir á ábyrgðarþjónustu er kaupanda heimilt að innheimta févítí. Févítí vegna ábyrgðarþjónustu reiknast 0,15% af kaupvirði bifreiðarinnar fyrir hvern virkan dag sem bifreið er ekki starfhæf umfram framangreint hlutfall. Árleg févítí vegna ábyrgðarþjónustu nema að hámarki 2,25% af kaupvirði bifreiðarinnar eða að hámarki 6,75% ef litið er til 3ja ára

## 1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

## 1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfssemi.

## 1.8 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendum að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

## 1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda. Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

## 1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

## 1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.14.

## 1.12 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

## 1.13 Ábyrg innkaup

Sem hluti af ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar hafa verið settar fram stefnur í ýmsum málaflokkum. Kaupandi hefur tekið mið af stefnum Reykjavíkurborgar varðandi ábyrg innkaup í þessu útboði. Innkaupin samræmast loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025 og umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar frá 2015 þar sem keypt eru tæki sem ganga fyrir metangasi sem unnið er úr úrgangi. Tilgangur innkaupa eru aukin flokkun og sérsöfnun úrgangs frá íbúum og þ.a.l lægri umhverfisáhrif og minni kostnaður vegna minni urðunar úrgangs.

## 1.14 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldprotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað

gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítum sem nemur 150.000 ISK fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Afhendi seljandi vöru, sem ekki uppfyllir kröfur kaupanda samkvæmt útboði þessu, er kaupanda heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

## 1.15 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímamann.

## 1.16 Ábyrgð og þjónusta

Bifreiðar og sorpgeymar, krani og -lyftur skulu vera með 3ja ára ábyrgð frá framleiðanda og skal ábyrgðin taka gildi frá afhendingardegi hvernar bifreiðar. Þjóðandi skal jafnframt ábyrgjast bifreiðar og sorpgeyma, krana og -lyftu í a.m.k. 3 ár frá afhendingu bifreiðar og jafnframt uppfylla kröfur framleiðanda um framleiðendaábyrgð.

Þjóðandi skal tryggja að til staðar sé verkstæðisþjónusta, varahlutalager og þekking til viðgerða og viðhalds á boðnum sorpbifreiðum, sorpgeymum, krana og tunnulyftum meðan bifreiðar og búnaðurinn er í ábyrgð. Varahlutalager skal þannig búinn að lágmarka megi verkstæðistíma bifreiðar og umfang hans ákveðið í samráði við framleiðanda. Öll þjónusta við bifreiðina, sorpgeymi og tunnulyftu, meðan þær eru í ábyrgð, skal fara fram í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu.

Reglulegar þjónustuskoðanir skulu að jafnaði ekki taka lengri tíma en svo að bíllinn sé tilbúinn til notkunar þegar vinna sorphirðu hefst daginn eftir. Miða skila við að sorphirðubíll komi á þjónustuverkstæði í lok vinnudags sorphirðunnar. Tímasetningar, umfang og efni þjónustuskoðunar skal vera í samræmi við ráðleggingar framleiðanda búnaðar og unnið í samráði við Sorphirðu Reykjavíkurborgar. Kostnaður við reglulegar þjónustuskoðanir, efni og vinna, skal innifalin í einingaverði bifreiðar í tilboði þjóðanda. Tilboðið miðist við þær skoðanir, vinnu og efni sem þarf til til að viðhalda framleiðendaábyrgð í þrjú ár frá afhendingu bifreiðanna. Ekki skal gera ráð fyrir öðrum kostnaði t.d. vegna tilfallandi tjóna eða einhvers annars sem eigandi er valdur að á ábyrgðartímanum. Seljandi skal afhenda kaupanda yfirlit yfir nauðsynlegt reglulegt viðhald og umhirðu bifreiðarinnar til að viðhalda ábyrgð framleiðanda.

Mikilvægt er að lágmarka eins og kostur er tíma sem bifreiðin eru á verkstæði svo rask á sorphirðu í Reykjavík verði sem minnst. Viðbragðstími frá því bifreiðin er færð á verkstæði þar til viðgerð hefst skal ekki vera lengri en einn virkur dagur. Tefjist að hefja vinnu við bifreið vegna skorts á varahlutum eða af öðrum orsökum skal tilkynna það til rekstraraðila bifreiðar, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar ásamt upplýsingum um hvað tefji viðgerð og áætlun um hvenær henni líkur. Viðgerð bifreiðar skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en 0,5-3 virka daga háð umfangi. Taki viðgerð lengri tíma skal tilkynna það rekstraraðila bifreiðanna ásamt áætlun um hvenær viðgerð ljúki.

Þjónustuaðili skal tryggja að rekstur sorpbifreiðar sé samfelldur og hnökralaus. Kaupandi gerir kröfu um að sorpbíllarnir séu starfhæfir a.m.k. 95% starfsdaga á hverju ári. Verði meira rask á starfsemi kaupanda vegna ástæðna er raktar verða til starfsemi þjónustuaðila dragast févítum frá samningsupphæð, sbr. kafla 1.5.

## 1.17 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ýtrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 1.18 Gildistími samnings

Gildistími samnings er 3 ár frá því að samningur er kominn á en heimilt er að segja upp samningi með 6 mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að samningur er kominn á.

# 2. Tæknilegar lýsingar og kröfur

## 2.1 Yfirlit

Reykjavíkurborg hyggst kaupa þrennar gerðir sorphirðubifreiða, alls fimm bifreiðar, sem nota eingöngu metan eldsneyti. Innifalið í tilboði skal jafnframt vera ábyrgðaviðhald, efni og vinna á ábyrgðatíma bifreiðanna.

Hver sorpbifreið er í notkun í um það bil 2.000 vinnustundir á ári og ekin um það bil 15.000 -17.000 km á ári.

Boðið kaupverð verður lagt við boðið verð í ábyrgðaviðhald, vinnu og efni á þriggja ára ábyrgðatíma bifreiða, sorpgeyma, krana og tunnulyfta.

Gerð 1: Einhólfa þriggja öxla kranabifreið sem getur líka tæmt tunnur og ker. Keypt verður ein bifreið af þessari gerð.

Gerð 2: Stutt afturhjóladrifin tveggja hólfa afturhlaðin sorphirðubifreið með beygjubúkkka sem hentar við sorphirðu í þrengslum (t.d. í miðborg) og getur tæmt sk. tvískiptar tunnur, og hefðbundnar sorptunnur og ker. Keypt verður ein bifreið af þessari gerð.

Gerð 3: Tveggja hólfa langar afturhlaðnar sorphirðubifreiðar sem geta tæmt tvískiptar tunnur og hefðbundnar sorptunnur og ker. Keyptar verða þrjár bifreiðar af þessari gerð.

- Lyftubúnaður (stóll) skal ekki vera með með keðju og rillum.
- Lyftubúnaður sorphirðubifreiða af gerðum 2 og 3 skal vera þannig útfærður að auk allra almenna sorpílata skv. staðli EN 870 geti hann einnig tæmt sk. tvískiptar tunnur (240 og 370 lítra) og tvískipt kör (660 l). Einnig skal vera hægt að losa hefðbundin óskipt 660 lítra kör í minna hólfið.
- Krani skal vera staðsettur ofan á sorpkassa á bifreið af gerð 1.
- Samtals skráð heildarþyngd bifreiða af gerð 1 og 3 skal vera minnst 24 tonn og mest 26 tonn. Heildarþyngd bifreiðar af gerð 2 skal vera minnst 18 tonn og mest 26 tonn.
- Áhersla er lögð á að farþegarými sorphirðubifreiða séu rúmgóð ásamt góðu plássi og snögum til að hengja upp vinnufatnað. Rými bifreiða af gerð 1 og 3 skulu vera með sæti fyrir ökumann og fimm farþega. Rými bifreiðar af gerð 2 skulu vera með sæti fyrir ökumann og þrjá farþega.
- Hver sorphirðubifreið verður keyrð um það bil 15.000 - 17.000 km á ári og verður í notkun í um það bil 2.000 vinnustundir á ári.

Skilgreining: Tvískipt tunna er hefðbundið sorpílát skv. staðli EN 870 þar sem hægt er að koma fyrir þili til að hólfastipta tunnu. Tvískiptar tunnur geta verið 240 L eða 370 lítra eða tvískipt 660 l kör. Tunnum verður skipt 60/40 og kerjum 50/50. Sé spjaldið færanlegt í rekstri skal bjóðandi tilgreina það sérstaklega í tilboði sínu. Tvískiptar tunnur undir blandaðan og sérsafnaðan lífúrgang hafa verið notaðar í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi.

## 2.2 Kröfur til bifreiða og þjónustu

### 2.2.1 Almennar kröfur

Sorphirðubifreiðarnar og allur búnaður þeirra skal vera nýr og ónotaður. Afhentar bifreiðar skulu vera skrásettar á Íslandi, á íslenskum númerum og með skoðun án athugasemda.

Bifreiðar sem boðnar verða skulu hafa verið framleiddar í minnst 5.000 eintökum. Ekki verður litið til gerð eldsneytis við mat á þessu atriði heldur eingöngu fjölda framleiddra bifreiða af þeirri gerð sem boðnar eru. Einnig skulu fylgja með upplýsingar um fjölda framleiddra sambærilegra bifreiða sem knúnar eru með metangasi. Tilboði skulu fylgja meðmæli þriggja aðila innan evrópska efnahagssvæðisins sem nota sorphirðubifreiðar knúnar metani. Metan verður af söluaðilum metangass á Íslandi. Metanið er unnið úr hauggasi (e. landfill gas) og gasi unnu úr lífrænum úrgangi (e. biogas). Bifreiðarnar skulu vera með áfyllingastúta fyrir metan sem gerir kleift að nýta allar gerðir áfyllingatenginga sem eru í boði á Íslandi.

Áhersla er lögð á að farþegarými sorphirðubifreiða séu rúmgóð. Rýmin skulu vera með sæti fyrir ökumann og farþega ásamt góðu plássi og snögum til að hengja upp vinnufatnað. Hækka má innstigið í húsin sé með því hægt að auka plássið í rýminu. Sæti skulu klædd með sérstaklega slitsterku áklæði (e. heavy duty). Upplýsingar um styrk áklæða, með núningsstuðul t.d. samkvæmt Martindale slitprófunarskala, skal fylgja með tilboði.

Þjónusta bifreiða skal vera á viðurkenndu verkstæði, staðsettu í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu. Reglulegar þjónustuskoðanir skulu að jafnaði ekki taka lengri tíma en svo að bíllinn sé tilbúinn til notkunar þegar vinna sorphirðu hefst daginn eftir. Miða skila við að sorphirðubíll komi á þjónustuverkstæði í lok vinnudags sorphirðunnar. Tímasetningar, umfang og efni þjónustuskoðunar skal vera í samræmi við ráðleggingar framleiðanda búnaðar og unnið í samráði við Sorphirðu Reykjavíkurborgar.

Seljandi skal afhenda kaupanda yfirlit yfir nauðsynlegt reglulegt viðhald og umhirðu bifreiðarinnar til að viðhalda ábyrgð framleiðanda.

Allar bifreiðar skulu vera á nýjum sumardekkjum og skulu fylgja umgangar af nýjum vetrardekkjum á felgum og skal vera um að ræða dekk sem henta og reynsla er af notkun á sorphirðubifreiðar á norðlægum slóðum. Ekki skal vera um að ræða negld vetrardekk. Séu bifreiðar afhentar á vetrartíma skulu þær vera á vetrardekkjum og skulu sumardekk fylgja.

Auka dekkjaumganga skal afhenda á Stórhöfða 7-9 Reykjavík eða í dekkjahótel sem kaupandi tilgreinir. Gæði dekkja skulu ekki vera lakari en miðgildi reglugerðar Evrópusambandsins 1222/2009 um rúllumótstöðu (e. rolling resistance), bremsuhæfni á blautu yfirborði (e. braking ability on wet roads) og hljóð. Dekk skulu fullnægja kröfum reglugerðar um orkumerkingar hjólbarða í flokki C1, C2 og C3 (nr. 1222/2009 og 456/2013).

Boðið kaupverð verður lagt við boðið verð í ábyrgðarviðhald, vinnu og efni á fimm ára ábyrgðatíma beggja bifreiða þar með talið allur stjórnþúnaður, vökvakerfi, lyftibúnaður, sorpgeymar, tunnulyftur og krani.



## 2.2.2 Lýsing sorpbifreiða

### 2.2.2.1 Yfirbygging og rafbúnaður

Yfirbygging ökumanns- og farþegahúss skal vera með háu þaki. Fyrsta þrep í innstiginu upp í bílinn má ekki vera hærra en 35 cm frá jörðu og annað þrep ekki hærra en 72 cm frá jörðu. Gólf yfirbyggingar skal ekki vera hærra en 115 cm frá jörðu og innri hæð farþegarýmis skal ekki vera undir 1,8 metrum. Vikmörk fyrir ofangreint eru 5%.

Stýri skulu vera vinstra megin í bifreiðunum, horft aftan frá. Yfirbygging bifreiða, sorpgeyma og tunnulyfta skal vera gul, litanúmer RAL-1003, liturinn skal vera hreinn (ekki sanseraður, blandaður eða með glæru yfirlakki).

Rafbúnaður skal að lágmarki hafa tvo 12 V 170 Ah rafgeyma og 28V / 80 A rafal. Bifreiðarnar skulu vera búnar dagljósabúnaði, aflstýri og stillanlegu stýri, samlæsingum, fjarlæsingu, rafknúinni rúðuvindu á hliðarrúðum, hraðastilli á rúðupurrkum (letingja), útvarpi, 12V tengi, lausum gólfmottum úr gúmmí og öryggispúðum fyrir bílstjóra. Miðstöðin skal vera útbúin frjókornasíu. Ökumannssætið skal vera með loftfjöðrun, öryggisbelti skal áfast stólnum og stóllinn með fellanlegum armpúðum. Ytri baksýnispeglar skulu búnir rafmagnshitara til að halda þeim móðu- og ís-/snjófríum. Öll sæti skulu búin öryggisbeltum. Bifreiðum skal fylgja handfrjáls „Bluetooth“ farsímabúnaður. Bifreiðirnar skulu útbúnar búnaði sem gerir kleift að fylgjast með bifreiðunum í rauntíma til að staðsetja þær, fylgjast með lausagangi, eyðslu, tíma og þess háttar.

### 2.2.2.2 Drifrás, gírkassi og hjólabúnaður

Sorphirðubifreiðar af gerð 1 og 3 skal hafa þrjá öxla, framöxul (stýrisöxul) og tvo afturöxla. Stýrisbúnaður skal einnig vera á öðrum afturöxlinum. Skal hann beygja öfugt við framöxul og skal fara sjálfvirkt niður eftir þyngd farms. Séu bifreiðar án farms skulu þessar öxlar vera uppi. Mögulegt skal vera að lyfta þessum öxlum upp tímabundið, t.d. til að losa bifreiðina úr festu, óháð þyngd farms. Allir öxlar skulu vera með loftpúðafjöðrum og jafnvægisstöngum.

Sorphirðubifreið af gerð 2 skal vera stutt afturhlaðin, afturhjóladrifin með beygiþúkk þannig að bifreiðin henti betur í þrengslum til dæmis í þrengslum í miðborg. Þó skal vera heimilt er að bifreið af gerð 2 sé sambærileg og gerð 1, þ.e. þriggja öxla með stýrisbúnaði á öðrum afturöxli. Annar afturöxull fari sjálfvirkt niður háð farmi en sé hægt að lyfta upp.

Bifreiðarnar skulu vera með búnað sem auðveldar akstur í erfiðri færð, spólvörn eða annan sambærilegan búnað. Bifreiðarnar skulu vera búnar driflæsingu. Á drifrás skal vera segul- eða vökvabremsa (e. retarder). Staðsetning afturöxla skal taka mið af dreifingu þyngdar farms, sorpkassa og hleðslubúnaðar hans. Bifreiðarnar skulu vera búnar vigt á hverjum öxli sem getur stöðugt sýnt þyngdarniðurstöður fyrir hvern öxul auk heildarþyngdar. Bifreiðarnar skulu vera búnar sjálfskiptingu, mismuna drifi á driföxli, ABS hemlum með loftþurrkun. Bifreiðarnar skulu gefa frá sér hljóðmerki til viðvörunar þegar bakkað er.

### 2.2.2.3 VéL, eldsneyti og vökvadæla

Bifreiðarnar skulu vera framleiddar sem metanknúnar bifreiðar. Gerð er krafa um að bifreiðarnar uppfylli að lágmarki EURO 6 staðal. Metan er samsett úr hauggasi (landfill gas) og gasi sem framleitt er við meðhöndlun á lífrænum eldhúsúrgangi (e. biogas), og skulu vélar henta fyrir notkun á slíku gasi, sbr. staðal EN 16723-2:2017 Natural gas and biomethane for use in transport and biomethane for injection in the natural gas network - Part 2: Automotive fuels specification.

Bifreiðarnar skulu vera búnar aksturstölvu þ.a. hægt sé að fylgjast með eldsneytiseyðslu þeirra. Rúmtak hvorrar vélar skal vera minnst 9,3L og afl skal minnst vera 340 hestöfl. Eldsneytisgeymar bifreiða skulu vera úr stáli og að lágmarki 470 lítrar eða vera nægilega stórir til að ekki þurfi að fylla á þá nema einu sinni fyrir einn og hálfan vinnudag sem gerir 12 tíma í vinnu. Hávaði frá hverri bifreið, að meðtöldum hvers kyns þjöppunarbúnaði, skal vera undir 102 dB, mælt samkvæmt tilskipun 2000/14/EC.

Bifreiðarnar skulu vera búnar rafknúnum vélahitara sem hitar upp kælivatn þeirra þ.a. þær séu ekki ræstar kaldar að morgni dags og blásara sem hitar upp öikumanssrymin. Hringrás skal vera á kælivatninu. Hitarinn skal búinn tímastilli. Hitarinn skal ganga fyrir 220 V aðfluttu rafmagni og tengisnúra skal fylgja. Afkastageta vökvadælu og -kerfis skal ekki vera minni en boðinn sorpgeymir og tunnulyfta krefjast. Olíuforðabúrið fyrir vökvadæluna skal ekki vera minna en boðinn sorpgeymir og tunnulyfta krefjast.

Áfastur smurbúnaður, sem notar þrýstinginn úr bifreiðunum til inndælingar í smurkoppa, skal vera á bifreiðum.

#### 2.2.2.4 Öryggisbúnaður bifreiða

Bifreiðarnar skulu búnar þeim öryggisbúnaði sem reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 með öllum síðari breytingareglugerðum 451/2020, 1183/2020, 1185/2021 og 628/2021 og reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað með áorðnum breytingum, sbr. breytingareglugerð nr. 181/2017 gera kröfur um.

Bifreiðarnar skulu búnar viðvörunarljósum á þaki yfirbyggingar og sorpflutningakassa. Viðvörunarljósín skulu vera með gulu/appelsínugulu ljósi og þvermál þeirra ekki minna en 18 cm. Bifreiðarnar skulu búnar vinnuljósum, sem varin eru með járngrindum eða sambærilegu, á efri hluta eða þaki bifreiðar/sorpakassa að aftan og á hliðum sem lýsa niður á vinnuumhverfi bifreiða 3 metra út frá bíl. Nánari staðsetning viðvörunar- og vinnuljósa skal ákveðin í samráði við kaupanda. Viðvörunarljósín, vinnuljósín, lagnir og stjórnþæki ljósanna skulu varanlega felld að bifreiðinni (ekki laus búnaður). Vinnuljós skulu vera í svipaðri hæð og aðalljós venjulegra bíla, til dæmis í grilli.

Einnig skal vera áberandi skilti sem sýnir manneskju að störfum.

Öryggismyndavélar (2) skulu vera aftan á sorpflutningakassanum og skal ökumaðurinn geta fylgst með því sem fram fer fyrir aftan bifreiðina á skjá við mælaborð um þá myndavél. Sjónarhorn myndavéla skal vera staðsett þannig að útsýni sé bæði ofan á stólinn og inn í hólfið og í fjarlægð aftur fyrir bílinn. Mögulegt skal vera að loka og opna myndavél óháð ökuhraða bifreiða. Bifreiðarnar skulu vera búnar staðsetningamóttakara/sendu.

#### 2.2.2.5 Sorpgeymir og lyftibúnaður fyrir tunnur

Sorpgeymir kranabíls skv. gerð 1 skal vera óskiptur, en sorpgeymir afturhlaðinna sorpbíla skv. gerð 2 og 3 skal vera tvískiptur.

Heildar rúmmál sorpgeymis á stuttum bíl af gerð skal vera að lágmarki 18 m<sup>3</sup> og að hámarki 22 m<sup>3</sup>, en 19-25m<sup>3</sup> fyrir bíla af gerð 1 og 3. Ytra byrði geymanna skal vera slétt, en ekki ríflað eða með baram. Sorpgeymarnir skulu vera í sama lit og yfirbygging bifreiða. Ekki er heimilt að bjóða sorpgeymi þar sem pressa geymisins byggir á snúningspressu (e. „rotorpress“). Tunnulyftur skulu vera í sama lit og yfirbygging bifreiða.

Tunnulyftur skulu vera glussadrifnar með tjökkum og lausar við keðjur eða sambærilegan búnað. Sérstök styrking skal vera á hornum afturenda til verndar búnaði sem þar liggur upp að.

Glussadælu tunnulyfta og pressa á sorpgeymum skulu búnar búnaði sem skynjar álag/þyngd á lyfturnar við losun og stýrir afli frá bílvélum háð því þ.a. dregið sé úr óþarfa eldsneytisnotkun og hávaða frá bílvélum. Tunnulyfturnar og búnaður sorpgeymisins skulu uppfylla reglu Vinnueftirlits ríkisins nr. 761/2001 eða nýrri reglur um vélar og tæknilegan búnað. Tunnulyftunum og pressu sorpgeymisins skal vera hægt að stýra beggja vegna bifreiðarinnar.

Tunnulyftur bifreiða af skulu henta sorpílátum sem uppfylla staðalinn ÍST EN 840-1 og ÍST EN 840-2.

Boðin tunnulyfta á bílum af gerð 2 og 3 skal vera þannig útfærð að hægt sé að læsa stólum, þannig hún geti tæmt tvískiptar tunnur, þ.e. 240 og 370 lítra ílát sem í hefur verið komið fyrir þili sem skiptir þeim í hlutfallaskiptingu 60/40 sem og tvískipt 660 lítra ker með hlutfallaskiptingu 50/50. Hægt skal vera að tæma 660 lítra ílát sem er án skiptingar í minna hól bifreiðarinnar.

Sé hægt að færa spjald í rekstri og þannig breyta skiptingu skal tilgreina það í tilboði. Boðinn búnaður skal vera hannaður og framleiddur til tæminga á slíkum tunnnum en má ekki vera breyting á öðrum búnaði. Spjald



milli skiptingar skal henta tvískiptum tunnum og vera þannig úr garði gert að tryggt sé að úrgangur blandist ekki milli hólfa í losun. Ítarlegar leiðbeiningar skulu fylgja með handbók bílsins sem lýsa hvernig stilla skuli spjaldið ef það afstillist.

Lágmarkshraði lyftanna við losun skal vera 10 sekúndur fyrir 240 l sorptunnu en 15 sekúndur fyrir 660L sorpker. Hraði tunnulyftu á bíl af gerð 2 og 3 skal við afhendingu vera stilltur þannig að henti tvískiptum tunnum. Tunnulyftur skulu geta lyft allt að 400kg.

Stálhlífar skulu vera til verndar á búnaði og slöngum.

Sorphirðubifreiðar skulu vera búnar slá sem tekur við tunnum til að þær fari ekki með inn í sorpgeyminn. Slárnar skulu vera með vír en ekki sogskálum þar sem ekki er hægt að tryggja að allar tunnur sogist að þeim vegna formsins.

Á sorpgeymum skulu vera festingar fyrir skóflu og kúst. Undir samskeytum tunnu og loks aftan á sorpkössum skulu vera rennur sem taka upp mögulega leka á samskeytum.

Á sorpgeymi kranabíls skulu vera áföst þrep eða stigi til að komast megi upp á þak bílsins t.d. til að losa stíflur í gámum. Þar til gerðar festingar fyrir stiga skulu vera á hlið bifreiðar.

Hlerar og lúgur skulu vera það þéttar að ekkert á að geta lekið úr sorpgeymum eða geta borist út meðfram hreyfanlegum búnaði. Rofi fyrir pressu skal vera inni í bifreiðum og skal búnaður einnig virka þegar bifreiðar eru kyrrstæðar. Þjónustulúgur skulu vera beggja vegna á geyminum.

Stíflubúnaður gáma skal vera útbúinn með hlera sem fer niður, þar sem stólarnir fara, og lokar fyrir. Stíflubúnaður er hleri sem opnar bílinn að ofan til þess að geta tekið gáma, og lokar fyrir að aftan þar sem tunnulyftan er. Sbr. búnaður er á núverandi kranabílum sorphirðunnar.

#### 2.2.2.6 *Krani ofan á sorpgeymi*

Á sorphirðubíl af gerð 1 skal vera krani til að losa gáma og hafa lyftigetu a.m.k. 1.800 kg í 6,5 m lengd. Kraninn skal vera staðsettur ofan á sorpgeyminum. Stjórnubúnaður krana skal útbúinn stillingu sem færir kranann aftur á upphafsreit.

Heildarhæð bifreiðar með krana skal ekki vera meiri en 4 metrar.

Krókarnir skulu vera með læsingu þannig að lykkjurnar geti ekki opnast sjálfkrafa.

Áfastar plötur eða plattar skulu vera undir fótum til verndar undirlagi, s.s. hellum.

Á krananum skulu vera 2 stórir ljóskastarar sem lýsa upp vinnu- og athafnasvæði krana.

Griparmur ásamt rótor skal vera hannaður til að tæma lykkjubúnað sem er „two loops parallel“ skv. staðli ÍST EN 13071-3. Griparmur skal vera útfærður með stoppara þannig að gámar með mjórri bili (t.d. 90 mm) geti ekki skroppið af lyftibúnaði. Mynd eða teikning af griparmi skal fylgja tilboði.

Lyftibúnaður með fjarstýringu skal vera staðsettur fyrir miðju sorphirðubifreiða aftan við farþegahús. Hleðslustöð fyrir rafhlöðu(r) í fjarstýringu má ekki vera við gólf eða á öðrum stað þar sem bleyta eða raki kemst að.